

Ed.

393. Breytingartillögur

[35. mál]

við frv. til laga um bátaábyrgðarfélög.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 2. gr. Í stað „400 rúml.“ í 1. og 3. málgr. komi: 100 rúml.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Eigi er skylt að vátryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffæris-
skirteini samfleytt um tveggja ára skeið. Þegar svo stendur á, skal báta-
ábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum
með 14 daga fyrirvara.
3. Við 5. gr. 1. málgr. orðist svo:
Ráðherra getur heimilað, að bátaábyrgðarfélögin taki að sér allar aðrar
tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum,
afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðar-
tryggingar á sjómönnum.
4. Við 6. gr. Niður falli síðari málgr.: „Ákvæði laga þessara taka ekki til hval-
veiðiskipa.“
5. Við 10. gr. Í stað „fundarstjóra“ í 2. málgr. komi: framkvæmdastjóra eða for-
manni.
6. Við bráðabirgðaákvæði. 3. málgr. falli niður.